



ENDURMAT

Þessi verkferill gildir um endurmat á störfum sem hafa verið metin áður.

SKOÐA STIGANIÐUR- BROT GILDANDI STARFSMATS

Mikilvægt er að byrja á því að skoða gildandi starfsmat. Flestir starfsmenn geta nálgast starfsmat fyrir sitt starf á heimasíðu starfsmatsins. Stiganiðurbrot segir til um hversu mörg stig starf fær í hverjum þætti starfsmatskerfisins en alls eru 13 þættir í kerfinu.

Þeir starfsmenn sem eru í störfum sem voru flokkuð sem „núll störf“ í innleiðingarferli starfsmatsins geta nálgast stiganiðurbrot sitt hjá vinnuveitenda.

SKOÐA ÆREPA- SKILGREININGAR STARFSMATS- KERFISINS

Á heimasíðu starfsmatsins er einnig að finna skilgreiningar fyrir öll þrep starfsmatskerfisins. Þrepaskilgreiningarnar segja til um hvaða kröfur starf þarf að uppfylla á hverju þrepi, t.d. ef starf hefur verið metið með 20 stig í þættinum vinnuaðstæður þá er hægt að skoða í þrepaskilgreiningum hvers konar vinnuaðstæður eru metnar til 20 stiga. Mikilvægt er að kynna sér vel þrepaskilgreiningar bak við gildandi starfsmatsniðurstöðu.

Fyrir beiðni um endurmat skulu færð skýr skrifleg rök. Þar skal koma fram hvaða breytingar hafa orðið á starfinu frá því að starfið var síðast metið eða hvaða starfskröfur eru taldar hafa verið vanmetnar í fyrra mati.

RÖKSTUÐN- INGUR FYRIR ENDURMATS- BEIÐNI

Starfsmannastjóri og fulltrúi stéttarfélags meta hvort starf uppfylli neðangreind skilyrði skv. verklagsreglum Úrskurðarnefndar um starfsmat.

1. Vísbendingar eru um að fyrra mat á starfinu hafi verið rangt, t.d. vegna þess að það hafi verið flokkað með störfum sem eru að eðli og umfangi verulega ólík því starfi sem um ræðir.
2. Vísbendingar eru um að verulegar og viðvarandi breytingar hafi orðið á starfinu frá því að það var síðast metið, t.d. vegna nýrra verkefna sem bæst hafa við starfssvið eftir skipulagsbreytingar eða vegna þróunar á löngu tímabili.

Verði starfsmannastjóri og fulltrúi stéttarfélags ósammála um hvort tilefni sé til endurmats, skal starfið sett í endurmat til starfsmatsráðgjafa sem starfa í umboði Úrskurðarnefndar um starfsmat.



Þegar óskað er eftir endurmati þarf starfsmaður að fylla út form fyrir endurmatsbeiðni sem hægt er að nálgast á heimasíðu starfsmatsins.

Í endurmatsbeiðninni þarf að koma fram greinargóð lýsing á þeim matsþáttum starfsmatsins sem tekið hafa breytingum eða á þeim starfskröfum sem taldar hafa verið vanmetnar.

Ef sótt er um endurskoðun á einum eða fleiri þáttum vegna verulegra breytinga á starfi getur það leitt til þess að matið fyrir starfið verði endurskoðað í heild sinni. Slík endurskoðun getur leitt til breytinga á mati á öðrum þáttum sem ekki er gerð athugasemd við. Allar endurmatsbeiðnir eru skoðaðar í samhengi við mat á öðrum störfum.



Bæði gömul og ný starfslýsing þarf að fylgja endurmatsbeiðninni ef sótt er um endurmat vegna breytinga á starfi.



Starfsmaður þarf einnig að fylla út spurningalista starfsmatsins. Spurningalistinn tekur mið af öllum þrettán þáttum starfsmatskerfisins og er ætlað að ná til margra mismunandi starfa hjá sveitarfélögum. Það er því mismunandi eftir störfum hvaða spurningar eiga við og hverjar ekki.

Spurningalista og tillögu að formi fyrir starfslýsingu er hægt að nálgast á heimasíðu starfsmatsins.



Yfirmaður og starfsmannastjóri þurfa að yfirfara spurningalista og starfslýsingu og staðfesta að allar upplýsingar þar séu réttar og í samræmi við stefnu og kröfur stofnunar / sveitarfélags.

Beiðni sem er ófullnægjandi um rökstuðning og gögn verður vísað frá og hlutaðeigandi aðilum leiðbeint um ágalla á beiðni.



Þegar öll gögn hafa verið yfirfarin og staðfest skal senda þau til starfsmatsráðgjafa á netfangið starfsmat@samband.is eða í pósti merkt: Starfsmat, Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík



STARFSMATS- NIÐURSTAÐA

Þegar niðurstaða frá starfsmatsráðgjöfum liggur fyrir er hún send til starfsmannastjóra viðeigandi sveitarfélags og stéttarfélags og skulu þeir upplýsa starfsmann / starfshóp um niðurstöðu.

Niðurstaða er einnig send til fulltrúa Úrskurðarnefndar um starfsmat.

Endurmat sem leiðir til hækkunar:

Endurmat getur ýmist leitt til hækkunar, lækkunar eða óbreyttrar niðurstöðu. Hækkun á mati hefur í för með sér launahækkun frá þeim tíma er sótt var um endurmat og viðeigandi gögnum skilað inn til starfsmannastjóra.

Endurmat sem leiðir til lækkunar:

Ef endurmat leiðir til lækkunar á mati hefur það ekki í för með sér lækkun launa þeirra sem nú þegar eru í starfinu en nýir starfsmenn fá laun samkvæmt nýrri niðurstöðu.